

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 56/2024

2024/EES/52/13

frá 15. mars 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1774 frá 14. september 2023 um að leiðrétta tilteknar tungumálaútgáfur af II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32023 R 1774:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1774 frá 14. september 2023 (Stjtið. ESB L 228, 15.9.2023, bls. 196).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2023/1774, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. mars 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. mars 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 228, 15.9.2023, bls. 196.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.